

**3399. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
16. janúar 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2001139 - Kjarasamningur milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkalýðsfélags Akraness

Kjarasamningur Verkalýðsfélags Akranes og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Bæjarráð fagnar að samningar hafi náðst á milli Verkalýðsfélags Akraness og Sambands íslenskra sveitarfélaga en kjarasamningurinn var undirritaður föstudaginn 10. janúar síðastliðinn.

Bæjarráð þakkar Vilhjálmí Birgissyni formanni Verkalýðsfélags Akraness og fulltrúum kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir þá miklu vinnu sem innt var af hendi í þessu sambandi í lok síðustu viku og endaði með undirritun samninga.

Það er von bæjarráðs að með þessu skrefi hafi verið lagður grunnur að undirritun samninga á opinbera vinnumarkaðinum á milli hlutaðeigandi stéttarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga f.h. sveitarfélaga landsins. Mikilvægi þess að friður sé á vinnumarkaði hlýtur að vera sameiginlegt markmið og ávinningur samningsaðila og að staðinn sé vörður um kaupmátt launa og lágt vaxtastig og ekki fórnað fyrir skammvinnan árangur í prósentuhækkunum launa.

Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti sérsamning sömu aðila um desember- og persónuuppbætur til tímavinnufólks sem undirritaður var einnig þann 10. janúar síðastliðinn.

Bæjarráð vísar sérsamningnum til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.

2. 1912034 - Starfsáætlun Akraneskaupstaðar 2020

Starfsáætlun Akraneskaupstaðar 2020.

Lögð fram drög. Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

3. 1912327 - Seljuskógar 11 - umsókn um byggingarlóð

Lóðarumsókn um einbýlishúsalóðina Seljuskógar 11. Umsækjandi hefur greitt umsóknargjald og er umsóknin tæk til afgreiðslu í bæjarráði.

Bæjarráð staðfestir úthlutun lóðarinnar til umsækjanda.

Bæjarráð áréttar að greiða þarf staðfestingargjald vegna umsóknarinnar (50% áætlun gatnagerðargjaldsins) innan eins mánaðar frá úthlutn en að öðrum kosti fellur úthlutunin úr gildi án viðvörunar og lóðin fer aftur inn á lista yfir lausar lóðir hjá Akraneskaupstað.

4. 1912305 - Úthlutun lóða við Akralund

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að hefja ferli við að úthluta par- og raðhúsalóðum við Akralund 8-14, 16-18 og 20-26.

Bent skal á að Akraneskaupstaður hefur haldið eftir fjölbýlishúsalóðum við Asparskóga 11 og 17 til þess að mæta húsnæðisþörf fyrir fatlaða einstaklinga.

Akralund 8-14, 16-18 og 20-28.

Bæjarráð telur ekki þörf á að halda opinn kynningarfund vegna úthlutunar lóða við Akralund nr. 8-14, nr. 16-18 og nr. 20-28.

Bæjarráð samþykkir með vísan til reglna um úthlutun lóða sbr. grein 2.3 að úthlutun lóða við Akralund fari fram með útdrætti.

Bæjarráð felur skipulags- og umhverfisviði í samvinnu við sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs frekari úrvinnslu málsins.

Gert er ráð fyrir að úthlutun fari fram fyrir apríl lok.

5. 1912242 - Lögreglusamþykkt - sameiginleg samþykkt á Vesturlandi

Drög að sameiginlegri lögreglusamþykkt fyrir Vesturland. Á fundi bæjarráðs frá 19. desember síðastliðinn vísaði ráðið drögunum til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs.

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við fyrirleggjandi lögreglusamþykkt og vísar henni til bæjarráðs.

Bæjarráð samþykkir sameiginlega lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi og vísar henni bæjarstjórnar Akraness til staðfestingar.

6. 2001061 - Reglur 2020 - afsláttur af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega

Reglur um afslátt fasteignagjalda eldri borgara og öryrkja 2020.

Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri situr fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir reglur um afslátt af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega á Akranesi fyrir árið 2020 og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.